

Þar sem stúlku í 7. bekk fá tvær HPV sprautur yfir veturinn gefur Ískrá til kynna í bekkjarskrá hvort stúlka hafi fengið eina, tvær eða enga HPV sprautu með því að lita 'ónæmis' reitinn eftir skráningu á HPV í Ískrá (mynd 1).

- Rauður reitur = Engin HPV bólusetning hefur verið skráð á viðkomandi stúlku í Ískrá.
- Gulur reitur = Ein HPV bólusetning hefur verið skráð í Ískrá.
- Hvítur reitur = Tvær HPV bólusetningar hafa verið skráðar í Ískrá.

#	Nafn	Athugasemdir	Komur	Líkamsmat L...	Ónæmi	Lífsstílsmat	Hæð/þyngd LbS	Sjón	Bólus.staða	Lyf	Ókl.
1	Brosmild Jónsdóttir		0	..		..	..				0
2	Glaðlynd Pétursdóttir		0	..	11.07.2016	..	..				0
3	Léttlynd Aradóttir		0	..	11.07.2016	..	..				0

**Mynd 1:** Hér sést að engin HPV sprauta er skráð á Brosmildi í Ískrá (rautt). Glaðlynd er með eina skráða HPV (gul) og Léttlynd er búin að fá báðar HPV sprauturnar og því er enginn litur hjá henni.

Ef HPV hefur verið skráð í SÖGU einhverra hluta vegna hjá stúlku er nauðsynlegt að tilkynna Ískrá um þá bólusetningu til að hafa áhrif á litinn í bekkjarskrá.

### Tilkynna Ískrá um HPV bólusetningu sem skráð var í Sögu

- Tvísmella í línu nemandans í bekkjarskrá undir 'Ónæmi' (mynd 2).
- Smella á hnappinn 'Skráð í Sögu' (mynd 3).
- Fara í örina í auðu línunni undir 'ónæmisaðgerð' og velja Cervarix/Gardasil eins og við á (mynd 4).
- Setja inn dagsetningu á bólusetningunni og smella á skrá (mynd 4) (Hægt að fletta í bólusetningagrunni til að finna dags).
- Smell á ,yes' í viðvörðunarglugganum sem spyr hvort eigi að tilkynna Ískrá um viðkomandi ónæmisaðgerð sem skráð er í Sögu (mynd 5).
- Þegar Ískrá hefur verið tilkynnt um HPV skráða í Sögu þá setur hún dagsetninguna á þeirri bólusetningu fyrir aftan HPV í Ónæmisaðgerðaglugganum (mynd 6) og breytir síðan litnum í bekkjarskránni (mynd 7).

#	Nafn	Athugasemdir	Samskipti	Líkamsmat L...	Ónæmi	Lífsstílsmat	Hæð/þyngd LbS	Sjón	Bólus.staða	Lyf	Ókl.
1	Bogfinnur Bogason		0	..		..	08.11.2016 19.7				0
2	Broslinda Einarsdóttir		0	..	31.01.2017	..	..		Fulln.		0
3	Jónas		0	..		..	..	0.0 A			0

**Mynd 2:** Til að tilkynna Ískrá um Cervarix bólusetningu sem skráð var á Broslindu í Sögu þarf fyrst að tvísmella í línuna hennar undir 'Ónæmi' í Bekkjarskránni.

**Mynd 3:** Smella á hnappinn 'Skráð í Sögu' í glugganum 'Ónæmisáðgerðir'

**Mynd 4:** Velja í örninni 'Cervarix', skrá inn dagsetninguna á bólusetningunni og smella á skrá. Hægt er að sjá dagsetninguna í bólusetningagrunninum.

**Mynd 5:** Viðverðunargluggi birtist og smellt er á 'Yes' til að tilkynna Ískrá um ónæmisáðgerðina.

**Mynd 6:** Hér sést dagsetningin á Cervarix bólusetningunni eftir að Ískrá var tilkynnt um hana.

#	Nafn	Athugasemdir	Samskipti	Líkamsmat	Ónæmi	Lífsstílsmat	Hæð/þyngd LbS	Sjón	Bólus.staða	Lyf	Ókl.
1	Bogfinnur Bogason		0	..	..	..	08.11.2016	19.7			0
2	Brosilinda Einarsdóttir		0	..	31.01.2017	..	..		Fulln.		0
3	Jónas		0	..	..	..	..	0.0	A		0

**Mynd 7:** Í bekkjarskránni sést síðan að liturinn í ónæmisglugganum hefur breytst í gulan úr rauðum og gefur þá til kynna að Brosilinda sé búin að fá eina HPV bólusetningu.